

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu í Fjallabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu og sorpeyðingu samkvæmt samþykkt nr. 84/2010 um meðhöndlun úrgangs í Fjallabyggð.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Gjald dagar sorphirðugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

3. gr.

Sorphirðugjöld greiðast árlega sem hér greinir:

Íbúðarhúsnæði 51.600 kr. í sorphirðugjald

Fristundahús (á skipulögðum frístundasvæðum) 25.800 kr. í sorphirðugjald

Innifalið í sorphirðugjaldi er eitt grátt sorphilát fyrir óflokkað sorp, eitt grænt sorphilát fyrir endurvinnanlegt sorp, eitt brúnt sorphilát fyrir lífrænan úrgang sem og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

4. gr.

Fyrirkomulag móttöku á endurvinnslustöð í Fjallabyggð er sem hér segir:

Í upphafi árs er úthlutað einu klippikorti á íbúð (16 klipp, 4 m³) og sumarhús (8 klipp, 2 m³) sem afhent eru í þjónustuveri Ráðhúss Fjallabyggðar á Siglufirði. Notendur þurfa að framvísa klippikortinu til að komast inn á endurvinnslustöðvar í Fjallabyggð. Leigjendur verða að nálgast kortin hjá leigusala eða kaupa sér kort.

Klippt verður fyrir gjaldskyldan úrgang á meðan tekið verður á móti ógjaldskyldum úrgangi án greiðslu. Skilt er að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á endurvinnslustöðina hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan varning er að ræða.

Hvert klipp er fyrir 0,25 m³ sem samsvarar 240 l heimilistunnu. Ef kort klárast er hægt að kaupa aukakort á kr. 13.840.

Rekstraraðilar geta keypt klippikort í þjónustuveri Ráðhússins á Siglufirði á kr. 33.660 sem inniheldur 16 klipp fyrir 0,25 m³ eða samtals 4 m³.

Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald frá íbúðum og sumarhúsum, þar má nefna: pappaubúðir, plastumbúðir, hjólbarða, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2023. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1605/2021 fyrir sorphirðu í Fjallabyggð.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar 15. desember 2022.

Fjallabyggð, 21. desember 2022.

Sigríður Ingvarsdóttir bæjarstjóri.